


STARFSÁÆTLUN

SSV 2023

Haustþing 2023
Reykholti - Borgarfirði



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfjarðar í suðri. Frá Snæfellsnesi í vestri og upp á Langjökul í austri. Á svæðinu bjuggu 17.541 manns (1. janúar 2023) sem skiptast niður á 9 sveitarfélög. Öll sveitarfélögin 9 eru aðilar að Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Samtökin voru stofnuð árið 1969.



17.541 íbúar



9 sveitarfélög



Lög og markmið

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) starfa annars vegar í samræmi við lagaákvæði og hins vegar í samræmi við sérlög samtakanna.

- Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga. Þar er kveðið á um í lagagreininni að ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir skulu leita umsagnar hjá landshlutasamtökunum við ákvarðanir eða stefnumótun sem varði landshlutann sérstaklega
- Einnig er í sveitarstjórnarlögum kveðið á um hlutverk landshlutasamtaka varðandi vinnu og framkvæmd sóknaráætlunar.
- Í lögum SSV kemur fram að markmið samtakanna eru:
- Að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að viðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð
- Kynna kosti Vesturlands, efla samkennd íbúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans




Samningar um verkefni sem SSV vinnur að

- Með samningi við Byggðastofnun hefur SSV tekið að sér atvinnuráðgjöf og ýmis byggðaðróunar verkefni á Vesturlandi. Nýr samningur var undirritaður í upphafi árs 2022 og gildir hann til ársloka 2026
- Með þjónustusamningi við stjórn Sorpurðunar Vesturlands sér SSV um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum
- Samningur við Ferðamálastofu felur í sér að SSV hefur umsjón með áfangastaðastofu og áfangastaðaáætlun Vesturlands og verkefnum henni tengdri. Samningurinn rennur út í árslok og er hafin vinna við nýjan samning.
- SSV á allt hlutfé í Markaðsstofu Vesturlands
- Samningur um framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands sem SSV er lögum samkvæmt falið að vinna að. Nýr samningur verður gerður 2024.



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI





Stjórn SSV

- Í stjórn SSV eru 11 fulltrúar
- Öll sveitarfélögin 9 eiga fulltrúa í stjórn, en tvö fjölmennustu sveitarfélögin Akraneskaupstaður og Borgarbyggð eiga tvo fulltrúa
- Stjórn er kosin til tveggja ára og verður næst kosið á aðalfundi 2024.
- Formaður stjórnar er Guðveig Eyglóardóttir



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Starfsfólk SSV

Á árinu 2023 voru 13 starfsmenn hjá SSV í 11 stöðugildum. Stöðgildi atvinnuráðgjafa hækkðu í upphafi árs en hafa aftur lækkað. Ekki eru ráðgerðar breytingar á stöðugildum árið 2024.

- Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri
- Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri Sorpurðunnar Vesturlands
- Svala Svavarsdóttir verkefnastjóri
- Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar og velferðarmála
- Vífill Karlsson fagstjóri atvinnuráðgjafar
- Helga Guðjónsdóttir atvinnuráðgjafi
- Ólöf Guðmundsdóttir atvinnuráðgjafi
- Hrafnhildur Tryggvadóttir atvinnuráðgjafi
- Sædís Þórðardóttir skrifstofumaður
- Margrét Björk Björnsdóttir fagstjóri áfangastaða- og markaðssviðs
- Björk Jóelsdóttir verkefnastjóri
- Kristján Guðmundsson verkefnastjóri
- Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri DalaAuðs





Helstu verkefni skrifstofu

- Umsýsla með fjármálum og rekstri
- Mannauðsmál og launaumsýsla
- Skjalastjórnun og tölvumál
- Kynningarmál og upplýsingamiðlun
- Umsýsla með samningagerð, styrkjagreiðslum og ýmis önnur verkefni fyrir Uppbyggingarsjóð Vesturlands
- Áherslur fyrir árið 2024
 - Klára að endurskoða mannauðsstefnu SSV og innleiða fjarvinnustefnu
 - Vinna kynningar- og upplýsingastefnu fyrir SSV





Samstarf og hagsmunagæsla – áherslur 2024

- Eitt af meginverkefnum SSV er hagsmunagæsla og þátttaka í ýmiskonar samstarfi. Þetta verkefni hefur mótast töluvert á undanförunum árum og verða sömu áherslur að hluta árið 2024. Fundað verður með:
 - Þingmönnum Norðvestur-kjördæmis
 - Samráðsfundir með öðrum landshlutasamtökum
 - Fundir með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Fundir með þingnefndum
 - Fundir með sveitarstjórnarfólki og ýmsum haghöfum
- Umsagnir um frumvörp og áætlanir
- Áherslur 2024, verkefni sem unnið er að 2023 og verður áfram unnið að á árinu 2024
 - Fundir með forstöðumönnum opinberra stofnanna á Vesturlandi
 - Fundir með bæjar- og sveitarstjórum sem og yfirmönnum málaflokka hjá sveitarfélögum
 - Ráðstefna um matvælaframleiðslu á Vesturlandi
 - Átak í fræðslumálum fyrir kjörna fulltrúa á Vesturlandi



Þróunarstarf,
rannsóknir
og þjónusta

Sóknaráætlun

Menningar- og velferðarmál

Atvinnuráðgjöf

Áfangastaðurinn Vesturland



Auka **umferðaröryggi** með auknu hlutfalli vega með **bundnu slitlagi**, fjölga **hleðslustöðvum** og auka hlutdeild almenningsgangna.

Auka **umhverfisvitund** íbúa, stuðla að **kolefnisspor** dragist saman og neikvæð áhrif íbúanna á umhverfið verði sem minnst.

UMHVERFI



SAMGÖNGUR



ATVINNA OG
NÝSKÖPUN



Stuðla að vexti atvinnulífs, auka **nýsköpun**, hækka **menntunarstig** og fjölga störfum án staðsetningar.

SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS
2020-2024

VELFERÐ



MENNING



Auka hlutdeild **skapandi** greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera áþreifanlega í **verðmætasköpun** landshlutans.

Auka **hamingju**, félagslega virkni og **velliðan íbúa** með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.

MEGINMARKMIÐ



Sóknaráætlun

Ný sóknaráætlun tók gildi árið 2020

- Undirbúningur fyrir nýja sóknaráætlun sem tekur gildi í byrjun árs 2025
- Uppbyggingarsjóður
- Áhersluverkefni
- Fáum rúmar 100 m.kr. til ráðstöfunar árið 2024

Áherslur árið 2024

- Uppbyggingarsjóður 60 m.kr. til úthlutunar.
- Áhersluverkefni 28 m.kr. Erum með 11 verkefni í gangi.
- Efla kynningu á Sóknaráætlun





Uppbyggingarsjóður

- Úthlutunarnefnd tekur ákvörðun um úthlutanir sjóðsins
 - Í nefndin sitja fimm fulltrúar
Formaður er Helena Guttormsdóttir
- Fagráð veitir úthlutunarnefnd umsagnir um styrkumsóknir
 - Í fagráði eru sex fulltrúar
Formaður er Elva Magnúsdóttir
- Þrír flokkar styrkja
 - Menningarstyrkir
 - Stofn- og rekstrarstyrkir
 - Atvinna og nýsköpun
- Sjóðurinn hefur úthlutað ríflega 500 m.kr. frá 2015




Umhverfismál og samgöngur

- **Flokkun í anda hringrásarhagkerfisins**
 - Stuðla að bættri úrgangsstjórnun fyrirtækja á Vesturlandi. Í gangi
 - Ráðgjöf við sveitarfélög um innleiðingu nýrra laga um úrgangsstjórnun. Í gangi
 - Framkvæmdaaðili Environice
 - Fékk 10 m.kr. viðbótarstyrk frá umhverfisráðuneyti
- **Út að hjóla**
 - Kortlagning hjólaleiða á Vesturlandi
 - Úttekt á mögulegum nýjum hjólaleiðum (RFK-ráðgjöf) í gangi
 - Hjólreiðar og ferðaþjónusta
- **Sjálfbær atvinnuþróun**
 - Greining á þeim þáttum sem þarf til þess að skapa sjálfbæra atvinnuþróun
 - Sjálfbærni auðlinda
 - Aðgerðaráætlun
 - Búið að semja við KPMG um framkvæmd



Atvinna og nýsköpun

- Nýsköpun og frumkvöðlar
 - Stuðningur við Fab-Lab smiðju Vesturlands. **Lokið**
 - Stuðningur við stofnun Gleipnis nýsköpunar- og þróunarseturs. **Lokið**
 - Nýsköpunarhraðall. **Í gangi**
- Efling ferðapjónustu
 - Upplifðu.is **Í gangi**
 - Ferðapakkar á Vesturlandi - **Í gangi**
 - Skráning gönguleiða. **Lokið**
 - Skipaverkefni á Snæfellsnesi- **Í gangi**
- Matarauður Vesturlands
 - Matarhandverkshátíð
 - Ráðstefna
 - Stuðningur við Beint frá býli og matarbíl **lokið**





Atvinna og nýsköpun

- **Vesturland er valkostur**

- Uppfæra innviðagreiningu Vesturlands og gera hana aðgengilega. - **Í gangi**
- Úttekt á fjarskiptum - **Lokið**
- Opna sérstaka heimsíðu „Investvesturland“ þar sem til staðar verða hagnýtar upplýsingar um Vesturland s.s. nýsköpunar umhverfið, atvinnulíf, lóðaframboð, innviði og þjónustu sveitarfélaga.
- Heimsækja og bjóða fyrirtækjum, fjárfestum og frumkvöðlum til kynningar á kostum Vesturlands

- **Aðlaðandi Vesturland**

- Samantekt yfir ýmis norræna verkefni sem miða að því að auka aðdráttarafl sveitarfélaga. **Lokið**
- Ráðstefna - **í undirbúningi**

- **Hækkum hlutfall opinberra starfa á Vesturlandi.**

- Óstaðbundin störf. Rannsókn hefst 2024
- Kortlagning opinberra starfa á Vesturlandi



Menning og ímynd

- **Ímynd Vesturlands**
 - Ímyndarkönnun **lokið**
 - Ímyndarbæklingur
- **Menningargróska**
 - Safnaklasi Vesturlands **lokið**
 - Barnamenningarhátíð **lokið**
 - Listavinnuskólar **lokið**
 - Menningarhátíðir á Vesturlandi **Í gangi**
 - Kortlagning menningar á Vesturlandi í samstarfi við Bifröst **Í gangi**



Velferð

- Innflytjendur og vinnumarkaður
 - Í umsjá Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
 - Námskeið og íslenskukennsla - **Í gangi**
 - Móttökuáætlanir - **Í gangi**
- Velferð barna og ungmenna - **lokið**
 - PMTO námskeið fyrir starfsfólk í félagsþjónustu
 - Stuðningur við innleiðingu á farsældarlögum
- Efling öldrunarþjónustu
 - Námskeið fyrir starfsfólk í öldrunarþjónustu - **Lokið**
 - Skýrsla unnin af KPMG um rekstur hjúkrunar- og öldrunarheimila á Vesturlandi - **Lokið**
 - Tillögur um eflingu öldrunarþjónustu og heilsueflingu eldri borgara. - **Lokið**
 - Ráðning ráðgjafa til að vinna með tillögur um eflingu og samþættingu öldrunarþjónustu - **Í gangi**
 - Umsókn í verkefnið „Gott að eldast“ - **lokið**





Verkefni - Byggðaáætlun

Náttúruvernd til eflingar byggðapróunar

Vinna við að skapa sátt um sjálfbærni Breiðafjarðar. Samstarfsverkefni með Vestfjarðastofu, umhverfisráðuneyti, Breiðafjarðarnefnd og fleiri haghöfum. **Lýkur í árslok 2023**

Almenningssamgöngur á milli byggða

Styrkur til að efla samgöngur innan Dalabyggðar og á milli Búðardals og Borgarness. Sambærileg verkefni hafa verið í gangi í Borgarbyggð og á Snæfellsnesi

Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða

- Uppbygging iðngarðs í Búðardal **Í gangi**
- Ímynd Dalabyggðar **Í gangi**
- Verðmæta- og nýsköpun á sauðfjárræktarsvæðum (Dalabyggð). Samstarfsverkefni með SSNV og Vestfjarðastofu **Í gangi**



Hlutverk Atvinnuráðgjafar


- Skilgreint í samningi SSV við Byggðastofnun
 - Stuðla að jákvæðri atvinnu- og byggðaþróun í samræmi við stefnu ríkisins.
 - Ráðgjöf við fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög.
 - Stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.
 - Vinna að greiningu og eflingu búsetukosta í sveitarfélögum.
 - Upplýsingaöflun og -miðlun





Áherslur Atvinnuráðgjafar 2024

- Vinna með NýVest og Gleipni að nýsköpun á Vesturlandi.
- Vinna með rannsóknarsetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst.
- Íbúakönnun landshlutanna
- Ýmis rannsóknarverkefni
- Vinna að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands
- Taka þátt í DalaAuði (Brothættar byggðir)





Velferð

Föst verkefni

- Vinna í samræmi við Velferðarstefnu Vesturlands
- Vinna með Ungmennaráði Vesturlands
- Þátttaka í samstarfi aðila í öldrunarþjónustu
- Starfshópur um málefni innflytjenda
- Þátttaka í áhersluverkefnum

Áherslur árið 2024

- Nýr samstarfsvettvangur tómstundafulltrúa
- Kortlagning á tómstundastarfi barna og ungmenna
- Auka atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsorku, vinna í samráði við Starfsendurhæfingu Vesturlands





Menning

Föst verkefni

- Ráðgjöf, umsjón og eftirfylgni með styrkveitingum úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands
- Ráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana um menningarmál
- Þátttaka í áhersluverkefnum
- Safnaklasinn

Áherslur árið 2024

- Stofna samstarfsvettvang þeirra sem vinna að menningarmálum hjá sveitarfélögunum og listgreinakennara
- Kynning á menningu á Vesturlandi og tækifærum í skapandi greinum
- Aðstoða sveitarfélögin við að efla starfsemi félagsheimila





Áfangastaðurinn

Föst verkefni

- Áfangastaðaáætlun Vesturlands - eftirfylgni og vinna við áhersluverkefni
- Ráðgjöf, umsjón og eftirfylgni með áhersluverkefnum innviðauppbýggingar
- Ráðgjöf, samráð og samstarf við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir varðandi ferðamál og innviðauppbýggingu

Áherslur árið 2024

- Endurnýjun og uppfærsla á Áfangastaðaáætlun Vesturlands
- Þróunarvinna og framsetning á ferðaleiðum á Vesturlandi
- Þróunarvinna varðandi gæði ferðamála á Vesturlandi
- Vinna að framgangi og framkvæmd á sértækum áhersluverkefnum





Markaðsmál

Föst verkefni

- Ráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana varðandi ferðaþjónustu og markaðsmál
- Þátttaka í áhersluverkefnum og þróunarvinnu ferðamála
- Þátttaka í samstarfi á landsvísu varðandi kynningu og markaðssetningu
- Samráð og samvinna við ferðaþjónustuaðila sem starfa á Vesturlandi

Áherslur árið 2024

- Gerð ímyndabæklings og uppfærsla á borðkorti fyrir Vesturland
- Kynning og markaðssetning á áfangastaðnum Vesturlandi - og öllu því sem honum fylgir
- Þátttaka í sameiginlegu kynningar- og markaðsstarfi innlendis sem erlendis
- Þátttaka í verkefnavinnu vegan áherslu- og þróunarverkefna ferðamála á Vesturlandi



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI